



Stafrænt ráð

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um aðgerðir til að auka þátttöku innflytjenda í kosningum

Á fundi borgarstjórnar þann 3. október 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar stafræns ráðs:

Borgarstjórn felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að hefja undirbúning að aðgerðum til að auka þátttöku innflytjenda í kosningum. Á næsta ári verða forsetakosningar, síðan verða alþingiskosningar og eftir þær sveitarstjórnarkosningar. Felur borgarstjórn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna og leggja fram í borgarráði tímasetta aðgerðaáætlun um leiðir til að auka kosningaþátttöku innflytjenda í Reykjavík.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna telur að æskilegra hefði verið að samþykkja tillögunu án tafar og fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að hefjast handa við verkefnið. Í trausti þess að millilending málsins í stafræna ráðinu verði ekki til að tefja framgang þess að marki getur hann þó felld sig við þá niðurstöðu.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir tillögu um mikilvægt mál sem er að grípa til aðgerða til að auka kjörsókn innflytjenda í kosningum en hún hefur minnkað verulega á undanförunum árum og var innan við 14% í síðustu sveitarstjórnarkosningum hjá þessum hópi borið saman við 63% kjörsókn almennt. Það er brýnt samfélagslegt verkefni að vekja athygli þessa hóps og annarra á kosningarétti sínum og leita þar eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, ríkisvaldið og frjáls félagasamtök. Tillögunni er vísað til stafræns ráðs sem fer með lýðræðismál í stjórnkerfi borgarinnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna